

Ernstur Jónsson

Góðir nemendur:

~~Hvað er svona merkilegt við það að vera bingmaður, spurði ég kona í útvarpinu sl. mánuðagskvöld. Er það svo merkilegt og mikilygt, að konur verði að taka sig saman og bjóða fram til alþingis. Hvað eðla konur þar? Þar er hugsað þess eins að koma konur á bing? Hvað eru þessar konur eiginlega að hugsa? Það er nú einmitt það sem ég ætla að reyna að skýra fyrir ykkur, hvað við Kvennalistakarur erum að hugsa.~~

Ef við göngum út frá því að ~~okkur~~ ^{samfélagi} berjað skapa þjóðfélag, þar sem jöfnuður ríkir, þar sem kúgun og misrétti fyrirfinnst ekki, þar sem konur, karlar og börn fá að njóta sín og vinna þau störf sem hugur stefnir til, þá verður ljóst að enn eigum við langt í land. Í okkar ~~landi~~ ^{samfélagi} viðgengst margs konar misrétti, en þau kjör sem konum eru búin stínga mest í augu og er nú svo komið að konum þykir rétt að grípa til sinna ráða.

Hvert sem við lítum, hvort sem er hér innanlands eða utan blasir við valda- og áhrifaleysi kvenna. Þótt bent sé á Margréti Thatcher ^{i b.} og Indíru Ghandi ^{a f}, breytir það ekki þeirri staðreynd að karlar eru í miklum meiri hluta þeirra sem stjórna heiminum. Og hvernig hefur þeim tekist til blessuðum? Jú, mannkynið er komið ~~á~~ ^í ~~hrossgöðum~~ ^{stjórnvalda}. Vígbúnaðarkapphlaup ^í ~~fram á hængili~~ ^{stjórnvalda} og gnar öllu lífi, iðnaðarmengun, óstjórn og græðgi er að eyðileggja jörðina, það er stöðugt gengið á þau gæði sem ættu að duga komandi kynslóðum til bæfilegs lífs. Við erum auðvitað öll ábyrg fyrir þessari þróun og því hvert stefnir, en því verður ekki neitað að sjónarmið kvenna hafa ekki heyrst þar sem ráðum er ráðið, konur hafa ekki þau áhrif í heiminum sem þeim ber. ~~Konur~~ ^{þar} standa utan valdakerfisins, þar eiga aðeins um 1% af eignum jarðarinnar, en vinna um 2/3 hluta af öllum vinnustundum í heiminum, að því er segir í skýrslum Sameinuðu þjóðanna. Víða um heim er litið á konur sem hver önnur húsdýr og sú þróunaraðstoð sem vestræn ríki hafa beitt sér fyrir ^{í þessum heiminum} hefur oftast en ekki komið ^{hætt} ~~niður~~ á konum.

Hér á Íslandi sjáum við hlut kvenna ^{m.a.} speglast í því að á alþingi sitja 3 konur innan um 57 karla. Um 12% af sveitastjórnarmönnum eru konur, voru 6% fyrir síðustu kosningar. Í samtökum launafólks eru karlar alls ráðandi brátt fyrir að konur ^{eru} ~~seu~~ um og yfir helmingur félaga þeirra og þannig mætti lengi telja. Ef við lítum á launakjörin kemur eftirfarandi í ljós: Á síðmiðöldum, svona um 1300 þegar aðalútflutningsvara Íslendinga var vaðmál, unnu konur við vefnaðinn. Laun þeirra voru um helmingur af launum karla. Undir lok 19. aldar begar fjöldi kvenna vann í fiskvinnu, undirstöðu-

atvinnuvegi þjóðarinnar, voru laun þeirra helmingur af launum karla. Árið 1981 unnu konur fyrir 58% af launum karla, eða sama hlutfalli og ~~á miðöldum~~ ^{fyrir 600 árum}. Ef litið er á menntun kvenna kemur í ljós að konur hafa að meðaltali mun minni menntun en karlar, ~~því~~ ýmist hætta þær fyrr í skóla eða fara í skemmra nám. Þar við bætist að þau störf sem konur vinna úti í þjóðfélaginu eru minna metin en störf karla, konur bera enn að mestu ábyrgð á heimili og börnum ^{og} allt gerir þetta að verkum að konur eiga erfiðara með að láta til sína taka, ^{og} hafa áhrif á mótun samfélagsins. Þessu viljum við breyta. Við erum sannfærðar um að konur hafi margt fram að færa sem gagnast getur ~~við~~ ^{hú} að skapa betri heim. Við vitum að konur horfa oft öðrum augum á málin en karlar af því að þær eru mótaðar af öðrum störfum og annars konar uppeldi. Við settum okkur ekki lengur við það að standa utan við valdakerfið og horfa ^{adgerðarlausar} upp á heim á heljarþörm. Við viljum leggja okkar af mörkum, því þegar allt kemur til alls snýst spurningin um það í hvers konar heimi við viljum lifa, hvernig mannlífið á að vera, hvernig framtíð við viljum skapa?

Ég er sannfærð um það að ef mannkynið ætlar sér að lifa áfram og lifa góðu mannlífi, þá verður hugarfarsbylting að eiga sér stað. Við verðum að hætta að eyða og sóa, og fara í þess stað að spara og nýta. Við verðum að setja mannlífið ^í ofar veraldlegum gæðum, koma á jafnvægi milli manns og náttúru og tryggja frið og réttlæti meðal manna og þjóða. En hvernig verður slíkt gert? Hverju breytia ~~u~~ ein eða tvær konur á þingi? Hvað ætla konur að gera á þingi?

Við vitum auðvitað ósköp vel að við ~~verðum~~ ^{gerum} ekki byltingu á einni nóttu. En orð eru til alls fyrst. Við setjum okkur þau markmið að vekja umræður, standa vörð um hagsmuni kvenna og barna, vinna að bættum kjörum kvenna, svo að konur geti látið til sín taka. Við viljum valddreifingu í samfélaginu, þannig að hver og einn geti hafi áhrif á mótun umhverfis síns. Við viljum beita okkur fyrir því að náttúruverndarsjónarmið sitji ávallt í fyrirrúmi þegar ákvarðanir eru teknar ^(um t.d.) mannvirkjagerð. Við viljum spyrja hvernig ákvarðanir koma við ~~fólk~~ ^{fólk}, en ekki pyngjuna eina. Við viljum beita okkur fyrir friði og afvopnun, að Ísland taki afstöðu gegn vígbúnaði, jafnt heima fyrir sem erlendis. Ég gæti nefnt ótal fleiri dæmi um mál sem við viljum beita okkur fyrir á alþingi. ^{en lat þó þess að sinna} Innan þingsins er hægt að flytja frumvörp, ^{hú laga} breyta lögum og spyrja ráðherrana í þaula um orð þeirra og gerðir og halda málum þannig vakandi.

~~Að lokum langar mig að skýra það hvers vegna við konur sem~~ ^{þm} ^{seljum}

stöndum að Kvennalistanum ~~teljum~~ okkur ekki eiga samleið með flokkunum? Í fyrsta lagi má benda á að í flokkunum ráða karlar ^{og sjónarmið karla} lögum og lofum. Konum hefur gengið illa að komast í örugg sæti á framboðslistum, enda verður einn karl að víkja fyrir hverja konu sem kemst að. Í öðru lagi hafa flokkarnir ekki beitt sér fyrir úrbótum á stöðu kvenna, nema í ~~einstanta~~ ^{örfáum} tilfellum. Þeir hafa ekki sett upp neins konar markmið til að bæta hag kvenna, eins og gert hefur verið t.d. í nokkrum flokkum á Norðurlöndunum. Þegar grannst er skoðað líkjast flokkarnir meir og meir hver öðrum sem sést best á því að þeir beita allir sömu ráðunum þegar þeir eru í stjórn. Gengisfellingar, kauprán, verðhækkningar og niðurgreiðslur sitt á hvað ^{og} ~~allir~~ ^{alla} vilja þeir ^{a lausmarandi} stóriðju, sem er þó ein aðalorsök þess hve náttúra heimsins er hætt komin. Er þá lausnin að kjósa komur og gefa körlunum frí? Ég held ekki að konur fremur en karlar eigi til neinar töfralausnir, ég held heldur ekki að kvennaframboð muni blífa til eilífrar, en ég held að eins og málur er komið verði konur að standa saman og ~~berjast~~ ^{okkur} berjast fyrir bætti kjörum, aðrir gera það ekki fyrir þær. Við fengum áþreifyanlega sönnun fyrir því sl. vor að kvennaframboð er leið sem skilar árangri. Konum í sveitastjórnum fjölgaði um 100%, ekki ^{síðast} vegna þeirrar umræðu sem Kvennaframboðin vöktu. En það ^{auðvikur} er ekki ^{a alþingi} nóg að fjölga bara konum. Spurningin er hvað ætla þær að gera?

Við viljum koma kvennapólitík inn á alþingi, pólitík sem byggir á reynslu og þekkingu kvenna, pólitík sem skoðar, ^{skilgreinir} og spyr spurninga ^{hafa við land} út frá sjónarhóli kvenna. Við viljum ^{breyta} heiminum því við vitum að án breytinga eiga konur litla möguleika á að ^{hafa áhrif á} ~~verða~~ ^{ráða} jafngildar körlum. Við viljum beita okkur gegn ótta, ógnarjafnvægi og ^{öllu} misrétti í heiminum, leggja okkar af mörkum í þágu friðar, jafnréttis og réttlætis meðal manna.

Við höfum skyldum að gegna gagnvart komandi kynslóðum, Okkur ber að skila af okkur betra landi, betri heimi ~~en þeim sem nú blasir við~~. ~~Kannski~~ ^{og strygga} Ástand heimsmála og landsmála hefur kannski aldrei verið óljósara ^{en} einmitt nú. Okkur ber öllum að láta í okkur heyra og velja okkur þann vettvang til starfa sem hentar okkur best. Ekkert er verra en að sitja hjá og begja, Við veljum ^{því} kvennalistanum, við viljum sjálfar móta okkar stefnu ^{og berjast} með okkar aðferðum. Hæð síðar verður, mun framtíðin ^{líða} líða í ljós.

Þið vitið að íslenskar og konur hafa vakist heimas-
alhegglí með
adgerðum
sínum, við
öllum um að
líða á vöðum.